

MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Nornaveiðar 2

MARGIT SANDEMO



SAGAN
UM

Ísfólkið

Nornaveiðar 2

Nornaveiðar

Sagan um Ísfólkið 2
Nornaveiðar

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Lindallén“ á frummálinu.
© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-021-9 (epub)
Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta
og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.
Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti,
hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt,
án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.

Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

1

ÓGNARATBURÐIRNIR GERÐU ekkert boð á undan sér, að minnsta kosti ekki áþreifanlega.

Það marraði í keipunum í hvert sinn sem árablöðin klufu sléttan vatnsflötinn. Á afturþóftunni sátu börnin þrjú og spjölluðu saman. Raddir þeirra endurómuðu yfir vatnið, rödd Sunnu mjög ákveðin, rödd Dags róleg, eilítið kuldaleg og rödd Lífar áköf, en hin gripu alltaf fram í fyrir henni.

Silja sat á miðþóftunni og leit á Þengil sem reri bátnum. Hann fylgdist stöðugt með börnunum, var alltaf hræddur um að eitthvað kæmi fyrir þau. En þau voru vel upp alin og höfðu frelsi innan vissra marka, svo Silju fannst hann ekki þurfa að vera svona órólegur. Samt skildi hún hann. Þegar hann hafði verið búinn undir það að lifa lífinu einn, fékk hann upp í hendurnar þrjár manneskjur sem voru honum háðar og nú voru þær fjórar, litu upp til hans og umvöfðu hann ástúð sem hann hafði aðeins dreymt um áður.

Hún var svo stolt af þeim öllum, litlu fjölskyldunni sinni. Þengill hinn ógnvekjandi og útskúfaði... aðeins *hún* vissi hve dásamleg mannvera leyndist á bak við fráhrindandi útlitið. Eða börnin... henni hlýnaði um hjartaræturnar við að hugsa um þau.

Sunna, káta og líflega vandræðabarnið, var með Damóklesarsverð hangandi yfir sér. Dagur, ljóshærða, greinda draumórabarnið og Líf litla sem apaði allt eftir hinum. Silju fannst ótrúlegt hvað þær Líf voru líkar. Sama kastaníubruna hárið, kannski ögn rauðara en mitt... sömu feimnislegu augun og alltaf stutt í brosið. Ímyndunaraflið er eins og mitt, alls staðar eru tröll og álfar, skuggar og steinar eru lifandi og það

má tala við trén. Elsku barn, ef þú heldur svona áfram verður lífið auðugt en áföllin þeim mun þyngri af því þú ert svo tilfinninganæg.

Hún kaus að snúa sér ekki við og horfa á þau núna. Henni leiddist alltaf að sjá hvað þau voru illa klædd. Kjóll Sunnu var allt of lítill, Dagur var í buxum og jakka, saumuðum upp úr gömlum kjól af Silju og auðséð var á þeim fötum hvað hún var slök saumakona. Dökkur vaðmálskjóll Lífar hafði áður verið buxur Þengils, skelfilega ljót flík sem grannkonurnar hlógu oft að. Silja seig saman á þóftunni bara við tilhugsunina.

Þau höfðu lagt netið og voru á leið til lands. Börnin voru með núna af því nú var sérlega indælt sumarkvöld. Þetta var það skemmtilegasta sem þau vissu.

Silja renndi augunum til fjallanna sem umkringdu dal Ísfólksins á alla vegu. Nú voru þau böðuð í skini kvöldsólarinnar sem var að setjast. Henni varð starsýnt á skarð milli tveggja tinda.

-Ég hef oft hugsað um það, Þengill, hvort ekki sé hægt að komast þarna út.

Hann lagði árahlummana á hné sér og leit í áttina. -Í huganum, jú. Nokkrir hafa jafnvel komist yfir en ég mæli ekki með því. Maður lendir beint á jöklinum og síðan er mjög erfitt að skrönglast niður í sæmilega greiðfært umhverfi.

-Hefur þú farið þarna yfir?

-Einu sinni fyrir langalöngu. Ég hét því að gera það aldrei aftur.

Nú tók báturinn botn og öll börnin vildu verða fyrst frá borði.

-Svona nú, sagði Þengill ákveðinn og meira þurfti ekki til. Hann hafði ótrúlega stjórn á börnunum en hún fólst í vináttu og ástúð.

Silja vissi að börnin tilbáðu hann.

Öll þurftu þau að bera eitthvað upp brekkuna og heim.

Börnunum var löngu ljóst að til að komast af í afskekkttri byggð varð hver og einn að bera vissa ábyrgð.

Líf þreyttist fljótt af að ganga í einiberjalynginu sem lá með jörðinni svo Þengill tók hana á öxlina. Sunna og Dagur gengu sitt hvoru megin við Silju.

Sunna virtist hugsí. Líflegt andlitið, umkringgt dökkum lokkum, var grafalvarlegt, aldrei þessu vant.

-Af hverju kalla ég þig Silju, en Dagur og Líf kalla þig mömmu?

Silja greip hönd hennar. -Það er löng saga. Þú hefur alltaf kallað mig Silju.

Hin horfðu upp til hennar og biðu.

Sunna hélt áfram: -Krakkarnir kölluðu okkur Dag lausaleikskróga í dag. Hvað þýðir það?

Silju kólnaði allri. -Gerðu þau það? Þau eiga ekkert með það. Hún staðnæmdist. -Ég held að þið séuð orðin nógu stór til að heyra sögu ykkar. Þú ert sjö ára, Sunna, og Dagur næstum fimm ára en Líf skilur líklega ekkert, bara þriggja. Þengill! kallaði hún.

Hann nam staðar. Þau voru komin heim á túnið sitt fyrir neðan húsið.

-Börnin eru kölluð lausaleikskrógar.

-Ha?

-Nú vilja þau heyra sögu sína, bætti Silja við, bæði spennt og kvíðin. -Geturðu séð um Líf á meðan? Þér finnst eflaust líka að það sé tímabært.

Þengill hikaði og virti þau fyrir sér. -Ætli það sé ekki best, sagði hann loksins. -Ég kem þegar hún er sofnuð. Engin mótmæli, Líf, þú ert svo syfjuð að augun lokast sjálf.

Þau settust á undirstöðu gömlu mjólkurkæligrindarinnar við lækinn og Silja hóf að segja eftirvæntingarfullum börnunum sögu þeirra.

-Ég byrja á því að segja þér, Sunna, að ég er ekki

alvörumamma þín, og ekki þín heldur, Dagur. Samt er ég mamma Lífar. Vonandi gerir það ekkert til. Ég hef reynt að gera mitt besta til að þið saknið ekki mæðra ykkar og mér þykir jafn vænt um ykkur og dóttur mína. Það sama á við um pabba ykkar.

Börnin sögðu ekki orð um stund.

Svo heyrðist í Sunnu: -Er Þengill þá ekki pabbi okkar heldur?

-Nei, bara pabbi Lífar. Þú hefur alltaf kallað hann Þengil, Sunna.

-Ekki ég, sagði Dagur. -Ég kalla hann pabba.

-Já, en þú komst til okkar pínulítill. Sunna var eldri.

Nei, þetta var of flókið. Hún reyndi að útskýra þetta betur. -Við vildum endilega að þið yrðuð börnin okkar...

-En hver er þá alvörumamma okkar? spurði Sunna skjálfrödduð. -Tókuð þið okkur bara af því þið vilduð eiga okkur?

Dæmigert af Sunnu. Hún fór alveg með útskýringar Silju og sneri öllu á hvolf.

-Auðvitað ekki. Þið eigið ekki sömu mömmu, sagði Silja. Þetta var óskaplega erfitt en hún vissi að hún gerði rétt með því að segja sannleikann núna. -Mamma þín, Sunna, var systir Þengils. Hann er eiginlega frændi þinn og Líf frænka þín.

Sunna sat hreyfingarlaus og augun urðu fjarræn. -Hvar er þá mamma mín?

-Mamma þín er í himnaríki. Hún er dáin, Sunna. Hún dó úr plágunni sem þú hefur heyrt um. Pabbi þinn dó líka og litla systir þín sem hét Leonarda. Þú manst það ekki því þú varst bara tveggja ára þegar ég fann þig. Þú varst einstæðingur og ég líka þá. Þú þarfnaðist mín ekki bara, ég þarfnaðist þín líka. Mamma þín hafði látið skíra þig Angeliku.

Nú varð Sunna öllu áhugasamari. Hún hafði alltaf verið svo stolt af nafninu sínu, Sunna Angelika, og nú heyrði hún hvernig

seinna nafnið var til komið.

Silja horfði áhyggjufull á kjól telpunnar. Hann myndi ekki endast miklu lengur. Sums staðar var efnið nær gatslitið og ekkert var til lengur sem hægt væri að sauma kjól úr, ekki tutla.

Svo rétti hún úr sér og hélt frásögninni áfram: -Mamma þín var gullfalleg kona, Sunna, með dökkt, hrokkið hár, alveg eins og þú, og stór, dökk, falleg augu.

Telpan sagði ekkert en augu hennar fylltust tárur.

-Augun í þér eru ljósari, flýtti Silja sér að bæta við. -Grængul, eins og í Þengli.

Raunar var það merki um að hún væri ein hinna útvöldu, hefði fengið arfleifðina frá Þengli hinum illa. Aumingja barn, hvernig fer fyrir þér?

-En mamma mín? spurði Dagur. -Og pabbi minn? Það var næstum ásökunartónn í röddinni... eins og Silja og Þengill hefðu rænt hann einhverju.

Þetta var erfiðara. Silja gat ekki sagt honum að móðir hans hefði borið hann út til að deyja í skóginum.

-Mamma þín, sagði hún og brosti meðan Þengill nálgast yfir döggvott túnið og settist síðan hjá þeim. Dagur skreið upp í fang hans, eins og til að finna að hann ætti pabba.

-Mamma þín, Dagur, var fín dama, hélt Silja áfram.

-Hefðarkona og barónessa. Við vitum ekki hvort hún er enn á lífi, hvað hún heitir eða hvar hún á heima... en hún átti einu sinni mjög erfitt og týndi þér. Við vitum ekki hvernig, en ég fann þig.

Börnin horfðu spennt á hana og hún varð að halda áfram.

-Þetta var skrýtin nótt, börnin góð. Það var óskaplega kalt og eldsbjarmi á himninum yfir Þrándheimi. Ég var búin að missa alla ættingja mína úr plágunni og var alein á gangi, svöng, þreytt og átti hvergi heima. Þá fann ég þig, Sunna, hjá dáiinni mömmu þinni. Ég tók þig með mér af því mér leist vel á þig og

ég vildi hjálpa þér. Þú vildir ekki fara frá mömmu þinni en máttir til, annars hefðirðu dáíð líka. Þú skilur það auðvitað..

Sunna kinkaði kolli, hátíðleg á svip og Dagur tilkynnti blátt áfram: -Siggi dó. Hann var geymdur við skúrinn allan veturinn. Og Inga og Sveinn. Þau voru grafin seinna.

Þengill kinkaði kolli. -Já. Veturinn var harður. Þið vitið hvað það er að deyja?

Börnin játtu því og biðu eftir framhaldinu.

-Hvaða býli er Þrándheimur? spurði Dagur.

-Býli? Það er stór bær fyrir utan.

-Fyrir utan hvað?

-Fjöllin hér.

Drengurinn starði á hana stórum augum. -Er eitthvað utan við fjöllin?

Silja og Þengill litu vandræðaleg hvort á annað. Hér höfðu þau greinilega vanrækt eitthvað.

-Allur stóri heimurinn er utan við fjöllin okkar, sagði Þengill hikandi. Þetta hafði komið illa við hann. -Þið fáíð að heyra allt um það seinna. Nú hlustum við á Silju.

Lómur skrækti við vatnið og þokan var farin að læðast að en þau hugsuðu ekki um að það væri áliðið. Kvöldið var svo milt og fallett.

Silja leit óróleg til Þengils. Hvað gekk að honum í kvöld? Raunar hafði hann nú í þrjá daga verið eins og festur upp á þráð, stöðugt að hlusta eftir einhverju og með kvíðasvip. Hún þekkti mann sinn og vissi hversu næmur hann var. Nú var eins og hann ætti erfitt með að átta sig. Hún varð ögn smeyk.

Svo hélt hún áfram: -Þegar við Sunna gengum áfram, fundum við þig, Dagur. Þú varst einmana eins og við, en miklu minni.

Hún áræddi ekki að segja að hann hefði verið nýfæddur og enn með naflastrenginn. Hann skyldi aldrei fá að vita um synd móður sinnar.

-Það varst þú, Sunna, sem heyrðir hann gráta. Það er þér að þakka að hann er á lífi.

Börnin litu hvort á annað, eilítið spyrjandi. Svo tengdust tvær óhreinarn barnshendur.

Yfirleitt voru það Dagur og Líf sem voru mest saman. Sunna var allt of fyrirferðarmikil og sérvitur fyrir leiki þeirra. Aldrei var þó minnsti vafi á því að þeim þótti öllum vænt um hvert annað. Erfiðar aðstæður í óbyggðunum áttu líka sinn þátt í því að þau fundu öryggi í samheldninni.

-Svo héldum við áfram, ég hélt auðvitað á Degi. Ég vissi ekki hvað ég átti að gera en þá kom Þengill allt í einu. Ekkert okkar hafði séð hann áður.

Það fór hrollur um Silju við að rifja upp atburðina. Fyrstu kynni þeirra Þengils, gálgarnir, böðullinn, líkbrennan, fnykurinn... hún rétti úr sér og vísaði óhugnaðinum burt.

-Þengill tók okkur að sér, sagði hún með hlýju í rómnum. - Hann veitti okkur allt sem við þurftum og síðan höfum við verið fjölskylda, öll fimm.

Þengill brosti angurvært. Hann minntist ekki á einsemd sína sem hafði verið verri en þeirra, því hún átti sér dýpri rætur. Allir forðuðust hann, enginn vildi hafa neitt saman við hann að sælda. Hann minntist þess með sárauka er hann hitti Silju og Sunnu fyrst, hvað þær höfðu orðið hræddar við þennan risavaxna sérkennilega mann. Hann hafði átt erfitt með að gleyma þeim fundum og strax fundið hjá sér sterka hvöt til að vernda Silju. Þegar honum hafði síðan loks skilist, sér til mikillar furðu, að hún var ástfangin af honum líka hafði brynja hans brostið.

Þetta hafði verið dásamlegur tími þrjár, sárauka og vona. Þau höfðu þreifað sig áfram og kynnst þar til þau voru örugg um tilfinningar hins. Hann hafði heitið því að koma aldrei nálægt konu en hvernig gæti hann staðist Silju?

Hann hélt áfram að hlusta á frásögn hennar.

-Svo fæddist Líf. Þú manst það, Sunna.

-Já. Þú varst svo mikið veik.

-Einmitt. Þú mátt kalla okkur mömmu og pabba ef þú vilt.

Okkur finnst við vera foreldrar þínir og viljum vera það.

Telpan hugsaði sig um. -Auðvitað gæti ég það. Hún kinkaði kolli. -En það væri skrytið af því ég er vön að kalla ykkur Silju og Þengil.

-Ég skil það. Við höfum líka alltaf talað saman eins og vinkonur. Þú hefur hjálpað mér svo mikið.

Sunna settist á hné hennar og tók utan um hana. Silja brosti til Þengils. Þau voru samþykkt sem foreldrar.

Dagur sat alvarlegur og hugsí. Langleita andlitið hans var svo aðalsmannslegt að það var næstum fyndið.

-Er mamma mín að leita að mér? spurði hann mjóróma.

Það var erfið spurning sem Þengill svaraði.

-Við vitum það ekki. Það eina sem við vitum er að það var barónskóróna á fötunum þínum. Þess vegna höldum við að þú sért lítill barón. Við höfum reynt að finna mömmu þína, Dagur, en það er ekki víst að hún sé enn á lífi.

-Dó hún úr plágunni?

-Það er líklegt. Þess vegna týndistu. Pabbi þinn er að minnsta kosti dáinn.

Það var best að orða það þannig. Allt benti til þess að móðir Dags hefði verið ógift og hann væri afleiðing skyndikynna. Dagur virtist sætta sig við skýringuna.

-Pabbi minn og mamma eru dáin, sagði hann andaktugur.

-Foreldrar mínir líka, sagði Sunna og kreisti fram tár, bara af því henni fannst eitthvað spennandi til tilhugsunina um að syrgja.

-Ég vona að þið viljið vera hjá okkur, sagði Silja lágt.

Bæði kinkuðu ákaft kolli.

-Heima hjá hinum krökkunum er fullorðna fólkið alltaf að rífast, sagði Dagur á sinn kotroskna hátt. -Eins og þeim líki ekki við hvert annað. Þið talið aldrei þannig. Það er eins og þið viðr...
vi...

-Virðum hvort annað? stakk Þengill upp á. -Það er svo sannarlega rétt.

Hann leit ástúðlega til Silju og hún vissi að augnaráð hennar svaraði í sömu mynt.

ÞETTA KVÖLD SAT SILJA lengi uppi eftir að hin voru sofnuð. Hún kveikti á dýrmætri kertistýru og tók fram dagbókina góðu sem Benedikt málari hafði gefið henni fyrir mörgum árum. Bráðum yrði hún full og varla fengi hún aðra.

Í dag fengu börnin að vita sannleikann um foreldra sína...

byrjaði hún og stafsetningarvillurnar voru ófáar.

Þegar hún hætti, slökkti hún á týrunni og gekk út á hlaðið. Það var hásumar og dalurinn baðaður þeirri töfrabirtu sem var svo dæmigerð fyrir norðurslóðir. Þókan var að þéttast við vatnið og þunnar tjásur teygðu sig upp á túnin eins og álfar í dansi. Skrækir lómsins urðu nú að kveini í draugum, nykrum eða útburðum. Vindurinn hvíslaði í grasinu og rifum á gisnum kofaveggjum. Silju fannst sem litlar, gráar, kattliprar verur, kannski skuggabaldrar, skoppuðu við fætur hennar. Gamall hestur stóð utan við girðinguna og rölti svo burt. Var hann í álögum líka?

Hér er svo óumræðilega fallegt, hugsaði Silja. En ég þoli ekki innilokunartilfinninguna. Ég elska Þengil og börnin en óska þess heitast alls að komast burt úr þessum dal. Ég á ekkert sameiginlegt með því þröngsýna fólki sem hér býr. Að kalla börnin mín lausaleikskróga! Og það kallar Þengil tröllkarl, djöful og sitthvað fleira. Hann hefur aldrei gert neinum illt, þvert á móti. Hann notar aldrei þá krafta sem ég veit að hann

býr yfir. Samt er hann útskúfaður úr samfélaginu hér. Nokkrir kunna þó vel að meta hann, Guði sé lof.

Eldríður, besta vinkona okkar, er að yfirgefa dalinn. Maðurinn hennar vill fara og reyna að fá sér vinnu meðal manna. Hann vonar að allir hafi gleymt tengslum hans við uppreisnarmenn. Bara að við gætum farið líka! Það er eins og líf okkar fari til spillis hér.

Við vitum ekkert hvað er að gerast í heiminum. Vegna slæms árferðis höfum við heldur ekkert komist til að hjálpa Benedikt og hans fólki. Mig langar líka til sjá konunginn einu sinni á ævinni en hann kemur svo sjaldan til Noregs...

Ég finn að málfar mitt verður æ fátæklegra, líkara tali Ísfólksins. Við höfum reynt að kenna Sunnu og Degi eftir megni en okkar kunnátta er á þrotum. Við gleymum smám saman. Ég veit að Þengil langar líka út, hann hefur oft sagt það en hann þorir ekki að hætta lífi barnanna okkar. Við yrðum strax tekin. Elskurnar mínar verða dæmdar til pyndinga og síðan dauða því Þengill og Sunna munu aldrei geta leynt því að þau eru komin af Þengli fyrsta, illum anda Ísfólksins.

Hún stundi þungan af sársauka og vanmætti.

Veturnir hér... hún hafði andúð á þeim og hræddist þá. Allt var frosið, líka maturinn. Stöðugur ótti var um að ekki yrði nóg að borða til vors. Hungursneyð liðins vetrar var martröð. Börnin skildu ekki af hverju þau þurftu að háttu jafn svöng og þegar þau fóru á fætur. Um jólin var skreytt brauð það eina sem var að borða.

Tilhugsunin um fleiri slíka vetur olli Silju andnauð. Hún var til í að fara hvert sem væri til að sleppa frá þessu og skapa fjölskyldunni öryggi.

Hún þurfti að taka nokkur djúp andköf til að losna við köfnunartilfinninguna.

Eða þegar börnin sýndu minnstu merki þess að vera lasin.

Hún var alltaf hrædd um að missa þau, en reyndi að leynd því.

Þungar drunurnar frá vatninu þegar ísinn bráðnaði á vorin og einnig voru vorkvöldin erfið, full af angurværð og trega...

Hún hrökk við þegar Þengill snart öxl hennar.

-Þú varst ekki í rúminu, sagði hann lágt. -Hvað er að?

-Eiginlega ekkert, svaraði hún, vildi ekki ræða það frekar.

-Þú þarft ekki að svara því, sagði hann. -Þig langar út.

-Þengill, þú mátt ekki halda að ég hafi nokkurn tíma iðrast.

-Ég held það ekki. Ég veit að þú hefur notið hamingju hér.

-Hvort ég hef.

-En nú ertu eirðarlaus og unír ekki einangruninni fremur en ég.

Silja yppti öxlum. -Ef við værum ekki hér *nauðug* myndi ég elska dalinn af öllu hjarta, sagði hún sannfærandi. -Ef við gætum verið hér bara á sumrin liði mér hvergi betur. En við ráðum engu og það gremst mér mest. Mér þykir vænt um dalinn en ég fyrir lít hann jafnframt.

-Ég kannast við það. Þegar ég var fyrir utan langaði mig hingað og þegar ég var hér vildi ég komast út aftur. En núna... hann þagnaði.

Silja leit ástúðlega á hann. -Þú ert órólegur, ég hef fundið það í marga daga. Svo er það einkennileg ákvörðun þín um að þiggja ekki bústofn Eldríðar, sem hún bauð þér. Hvað veldur, Þengill?

-Ég veit það varla, svaraði hann með semingi og golan ýfði svart hár hans. -Það er eitthvað. Hefurðu ekki heyrt skelfingu vindsins? Heyrirðu ekki ótta grassins þegar næðir um það? Heyrirðu ekki stunur húskofanna?

-Þú veist að ég get ekki heyrt slíkt. Hún brosti. -Sunna skynjar það samt. Hún er oft skapþung núna og fær fjarrænuvipinn.

-Já. Ég skynja mikla hættu en veit bara ekki hvaðan má vænta hennar.

Silja sagði lágt: -Ég held að þú hafir látið Eldríði taka með sér

dýrin til að þurfa ekki að taka ábyrgð á þeim.

-Kannski, hvíslaði hann næstum. -Ég veit ekki hvað ég hugsaði... ég sagði víst að við kæmum líka fljótlega.

-Ó, Þengill!

Hann flýtti sér að bæta við: -Við fáum alla mjólk sem við þurfum hjá þeim sem taka við búi Eldríðar og þurfum engan bústofn.

-Þau eru ágætisfólk en mér líst ekki vel á börnin. Bæði þau og önnur börn í dalnum leggjast á okkar börn, sagði Silja í mæðutón. -Þau eru kölluð allt mögulegt ljótt eins og þú heyrðir í kvöld og foreldrar banna börnum sínum að leika við þau. Það er sárt.

Hann beit saman tönnunum. -Þau eru hrædd við Sunnu. Ég þekki það frá því ég var barn. Sá óttalegi, útskúfaði.

-Sunna er hættuleg, sagði Silja lágt. -Manstu hvað hún gerði stelpunni sem sparkaði í Líf?

-Nefndu það ekki. Hann hryllti sig. -Hún býr yfir óhuganlegum kröftum.

-Hún bjó til brúðu sem líkist stelpunni og hélt henni yfir eldinum. Samdægurs brenndi stelpan sig á kolaglóð og fékk slæm sár.

-Þangað til ég gerði brúðuna meinlausa, sagði Þengill, enn samanbitinn.

-Hvar fékk hún hugmyndina?

Hann dró andann djúpt. -Veistu hvað ég hef uppgötvað?

-Nei. Nú verð ég smeyk.

-Sunna hverfur stundum. Við héldum alltaf að hún væri að leika við einhvern en veistu hvar hún heldur sig? Hjá Hönnu gömlu.

-Ó, nei! Silju féll allur ketill í eld. -Hönnu hefur alltaf litist vel á Sunnu... og Líf líka, sem hún hjálpaði í heiminn. Hún kallar þær *stelpurnar sínar* þegar við færum þeim Grími mat. Hins vegar

lítur hún varla við Degi.

-Stelpurnar eru Hönnu mikils virði og það er gleðilegt þótt ég sé líka smeykur. Ég vil þó helst ekki að Sunna fari þangað ein.

-Heldurðu að gamla nornin... kenni henni eitthvað?

-Ég er hræddur um það. Hún sér auðvitað hvað býr í Sunnu.

-Það er skelfilegt!

Þengill strauk öxl hennar. -Vesalings Silja, út í hvað hef ég dregið þig?

-Ekki orð um það. Enginn hefur gert mig sælli en þú. Mér líður illa ef við erum aðskilin eina dagstund.

-Þú varðst mín bara 16 ára. Nú ertu tvítug og hefur baslað með okkur í mörg ár þótt ég viti að þér er ætlað annað en erfiðisvinna í fátækt.

-Vonandi hef ég ekki kvartað. Ég veit að ég er enn slök húsmóðir og börnin vaxa óðfluga upp úr fötum og skóm. Mér leiðist að geta ekki veitt þeim meira. Ég þreytist líka af því ég hef andúð á húsverkum. Það þjakar mig að geta ekki saumað fötin þótt ég geti ofið efnið. Eftir þennan harða vetur eru engar kindur eftir í dalnum og þess vegna fæst engin ull. Sunnu er strítt á kápunni sem ég tjaslaði saman í fyrra og stundum gleymi ég að þvo... nei, ég vil ekki tala um þetta.

Blíðlegt bros hans lýsti fullum skilningi en líka vanmætti. Hann kyssti hár hennar.

-Heldurðu að ég skilji þig ekki? Ég veit að þú þráir að fá að skapa eitthvað, kannski mála. Ég veit að þú skrifar í dagbókina þína meðan aðrir sofa.

-Veistu um hana? spurði hún skelfd.

-Já, ég veit líka hvar þú geymir hana en mér dytti ekki í hug að hnýsast í hana. Gættu þess bara að enginn annar viti af henni. Kona sem skrifar bók... það telst verk Satans. Þú yrðir jafnvel brennd sem norn fyrir það.

-Grimmur er heimurinn. Við erum þó örugg hér inni. Svo bætti

hún við: -Það gerir ekkert til þótt þú lítir í bókina. Á hverri síðu er bara ást til ykkar barnanna.

-Nýturðu þess að skrifa?

-Já. Það er mér eins konar útrás. Þegar ég las það svo yfir varð ég hissa á hversu gott það var.

-Ekki er ég hissa. Þú talar gott mál, allt öðruvísi en fólkið í dalnum. Nú er ég orðinn forvitinn um bókina. Mig langar til að líta í hana.

Hún hló glaðlega. -Villurnar eru svo margar, ég lærði aldrei til hlítar. Ég skrifa bara orðin eins og við segjum þau. Hvað ertu að gera, Þengill?

Hendur hans höfðu farið sínar eigin leiðir. Hann hló lágt og þrýsti henni upp að veggnum. Hún lét sér vel líka.

Vangi hans straukst við enni hennar. Þengill var ekki með skegg og hún vissi ástæðuna. Hann vissi mætavel að hann var 16 árum eldri en hún og taldi að skegg myndi sýna aldursmun þeirra enn betur.

-Við gætum heilsað upp á Benedikt og þau, sagði hún hvetjandi, fyrst hann var farinn að hugsa um að fara út. -Ég er svo hrædd um þau.

-Já, tautaði Þengill annars hugar. Ef ég bara vissi hvort væri réttara, að fara með ykkur út eða vera hér. Við eigum okkur engan annan samastað.

Fingur hans sendu beinlínis strauma gegnum húð hennar og þeir leituðu allir á einn stað. Þrá hennar eftir þessum ógnvekjandi manni varð aldrei mettuð. Ekki aðeins var hann sérlega vel skapaður þannig frá náttúrunnar hendi en það hafði hún ekki vitað þegar hún sá hann fyrst. Stundum nægði henni að horfa á hann til að hitna allri.

Nú var hún komin í vandræði með að einbeita sér. -En Benedikt? Gætum við ekki búið þar?

-Ég veit ekki einu sinni hvort hann er enn á lífi. Og þessi